

Úrgangsráð Vestfjarða

Sjötti fundur

Netheimum 25. september 2025 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mættir: Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Valgeir Scott Súðavíkurrepp (áheyrnarfulltrúi), Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Erla Margrét Gunnarsdóttir umhverfis- og skipulagsfulltrúi Ísafjarðabæ og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

- Klappir (rafræna græna bókhaldið) og söfnun gagna um úrgangsmál
- Sniðmát um samþykktir um úrgangsmál
- Önnur mál

Fundargerð

- Hjörleifur greindi frá innleiðingu á rafrænu grænu bókhaldi Klappa, þar sem að gögn um úrgang eru að byrja að hlaðast inn. Nokkur vinna fer í að greina gögnin og tengja á rétta staði svo að skýr greinarmunur verði á úrgangi sem verður til vegna eigin rekstrar sveitarfélagsins (þess sem þarf að standa skil á í losunarbókhaldi þess) og úrgangi frá íbúum og fyrirtækjum. Þessi vinna gefur hinsvegar tækifæri til þess að vinna með Klöppum og verktökunum að fá góða tölfræði og yfirsýn yfir úrgangstrauma.
- Skv. fyrri fundi 23 maí átti Hjörleifur að skoða að gera sniðmát að samþykkt sveitarfélags í úrgangsmálum. Slíkt sniðmát er til hjá Umhverfis- og orkustofnun og var það kynnt ([Z. VIÐAUKI 2: Sniðmát að samþykkt um meðhöndlunúrgangs | Úrgangur.is](#)).
- Valgeir greindi frá að Súðavíkurreppur hefði nýlega keypt jarðgerðarvél og til stæði að setja hana í samband fljótlega. Lilja greindi frá því að Vesturbyggð væri alvarlega að skoða vélar, og Erla Margrét greindi frá því að Ísafjarðarbær væri að fara í kaup á moltustöð sem til stæði að sveitarfélagið myndi reka sjálft.